

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 6. janúar 2022
Mnr. 2021120018



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Fundur HMS

Fimmtudaginn 6. janúar 2022 kl 13:00 var haldinn fundur í gegnum fjarfundarbúnað, með Valtýri Guðmundssyni teymisstjóra/staðgengli framkvæmdastjóra Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Rúnu Knútsdóttur.

F.h. Ísafjarðarbæjar voru Birgir Gunnarsson bæjarstjóri og Axel Rodriguez Överby sviðsstjóri.

Fundarefni var umsókn Skeiðs ehf. um stofnframlög til HMS, þar sem dregnir voru upp eftirfarandi punktar.

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, hefði frestað afgreiðslu umsóknar Skeiðs ehf. vegna þess að það stofnunin óskar eftir frekari gögnum er varðar rekstraáætlun félagsins. Jafnframt var upplýst um að rekstraráætlunin þyrfti að vera ýtarlegri.
- Það þyrfti að taka upp samtal milli Skeiðs, HMS og sveitarfélags, um áframhald verkefnis og hvernig ætti að leiða það áfram, jafnframt var bent á að umsókn Skeiðs ehf., væri á sömu forsendum og umsókn Bæjartúns, sem áður hafði verið hafnað. Vegna þess að byggingarfélag hagnaðardrifið og óstofnað HSES félag óhagnaðardrifið, væru í eigu sama aðila sem í þessu sambandi er ekki æskilegt.
- Þeirri spurningu var velt upp af hálfu HMS, hvort sveitarfélag sæi fyrir sér þann möguleika að taka yfir umsókn Skeiðs ehf. um stofnframlag.
- Jafnframt var upplýst um að nokkur sveitarfélög væru sameiginlega að stofna eitt landsbyggðarfélag í stofnframlagakerfinu, með svipuðu formi og Bríet, og að Ísafjarðarbær ætti að geta lagt inn nýstofnað félag inn í landsbyggðar HSES
- Nemendagarðar Lýðskólans eiga ekki erindi í landsbyggðar HSES, þar sem nemendagarðar eru á öðrum forsendum, ekki ætlað til almennrar útleigu, heldur væru aðrir forgangshópar t.a.m. nemendur skólans.